Ungmennasamband Kjalarnesþings

# SKÝRSLA OG REIKNINGAR



## 60. ÁRSÞING

Félagsheimili Kópavogs 12. febrúar 1984



*Þátttakendur á Norrænu sumarbúðunum.*



*Sumarbúðir í Svíþjóð '83.*

# Á R S S K Ý R S L A   U M S K  1983-1984.

Efnisyfirlit:


bls.

Ávarp formanns UMSK.............................. 1
Skýrsla stjórnar................................. 2
Skýrsla Landsmótsnefndar UMSK.................... 31
Skýrsla Badmintonráðs............................ 33
Skýrsla Frjálsíþróttaráðs........................ 34
Skýrsla Handknattleiksráðs....................... 46
Skýrsla Karateráðs............................... 47
Skýrsla Sundráðs................................. 47
Skýrsla Knattspyrnuráðs.......................... 48
Skýrsla fyrrverandi framkvæmdastjóra Gunnars Baldvinssonar........................................ 50
Lög UMSK......................................... 55
Reikningar....................................... 57


Forsíðumyndin er af fulltrúum Íslands í samnorrænum sumarbúðum sem haldnar voru í Svíþjóð sl. sumar.

Ávarp Kristjáns Sveinbjörnssonar formanns UMSK.

Með þessari skýrslu sem lögð er fyrir 60. héraðsþing UMSK 1984 líkur einu starfsamasta starfsári sambandsins. Tilgangur ársskýrslunnar er sá að gefa sem besta mynd af starfi UMSK á liðnu ári og vera þannig heimild fyrir liðið ár.

Stefna UMSK hefur verið sú að vinna sem mest og best að eflingu íþrótta, æskulýðs- og félagsstarfs.
Það hefur verið þannig gert að haldin hafa verið sem flest íþróttamót og námskeið, haldnir hafa verið fundir og félögin hafa verið aðstoðuð með hin margvíslegustu mál.
Þá hefur einnig mikið starf verið unnið til að afla fjár til starfseminnar. Allt þetta starf hefur tekist vel enda hafa starfsmenn sambandsins svo og allir þeir óteljandi aðilar sem lagt hafa hönd á, unnið þar frábært starf.

Nú á tímum aukinnar streitu og vaxandi frítíma sem virðist leiða að sér meiri ásókn í alls kyns vímuefni, ekki síst hjá hinum yngri, er nauðsyn að efla sem mest það starf, sem unnið er af frjálsum félagssamtökum á borð við íþrótta- og ungmennafélögin. Það er því skylda okkar að huga meira að hinum almenna íbúa, bjóða þá velkomna og fá þá í starfið. Við verðum að halda áfram að byggja upp og auka það starf sem verið hefur og gera þar með okkar þjóðfélag álitlegra en nú er .

Í lokin vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í stjórninni, framkvæmdastjórn sambandsins, formönnum og fulltrúum aðildarfélaganna, samstarfsmönnum hjá öðrum félagasamtökum og öllum þátttakendum í starfinu, samstarfið og dugnaðinn fyrr og nú og óska öllum þessum aðilum farsældar í starfi um ókomin ár.

K.S.

# Skýrsla stjórnar UMSK 1983-1984.

Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla.

59.ársþing UMSK
Stjórn og framkvæmdastjórn
Starfsmannamál
Skrifstofa UMSK
Sérráð
Nýtt félag: Íþróttafélagið Hlynur
Aðildarfélög UMSK
Fréttabréf UMSK
Félagsmálafræðslan
Kennsluskýrslur
Þrastaskógur
Íþróttamót
Íþróttahús
Fundir og þing
Formannafundur í Þrastaskógi
Sumarbúðir í Svíþjóð
Keppnisbúningur
Framlög sveitarfélaga
Getraunir
Landshappdrætti UMFÍ
Gaukurinn 1983
Nokkur lokaorð

Skýrslan var unnin dagana 24.janúar til 9.febrúar. Höfundar efnis eru: Gunnar Baldvinsson, Einar Sveinn Árnason, Helgi Gunnarsson, Kristján Sveinbjörnsson og Páll Aðalsteinsson.

Umsjón hafði Gunnar Baldvinsson.
Skrifstofum ÍSÍ og UMFÍ eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð við gerð skýrslunnar.

59. ársþing UMSK

Laugardaginn 5.febrúar 1983 var 59. ársþing UMSK haldið í félagsheimilinu Fólkvangi, Kjalarnesi. Tæplega 60 fulltrúar og gestir sátu þingið og verður það teljast hin ágætasta fundarsókn. Gestir þingsins voru: Hermann Guðmundsson, Pálmi Gíslason, Sigurður Geirdal og Sveinn Björnsson.

Eins og ávallt á við um ársþing UMSK biðu mörg mál úrlausnar. Margar samþykktir voru gerðar , m.a. ítrekuð fyrri umsókn um landsmót 1990, ályktun um íþróttamót UMSK og fjölgun sérráða, stofnun landsmótanefndar o.fl.
Þingið var starfssamt og farsælt.

Sveitastjórn Kjalarneshrepps bauð til hádegisverðar og ávarpaði Jón Ólafsson oddviti þingfulltrúa með snjallri ræðu. Umf. Drengur bauð til kaffiveitinga og bauð Guðmundur Davíðsson formaður félagsins þingfulltrúa að gera svo vel með stuttu ávarpi.

Á þinginu var í fyrsta sinn afhent viðurkenning til íþróttafólks innan sambandsins sem náð hefur framúrskarandi árangri á íþróttasviðinu. Viðurkenningin veitist einstökum íþróttamönnum eða hópum. Í þetta sinn urðu fyrir valinu liðsmenn meistaraflokks í knattspyrnu kvenna í Umf. Breiðabliki.

Pálmi Gíslason formaður UMFÍ afhenti þeim Páli Aðalsteinssyni UMFA og Gunnari Snorrasyni UBK starfsmerki UMFÍ, en þeir hafa báðir starfað að málfnum hreyfingarinnar í mörg ár eins og kunnugt er. Þá var Páli Aðalsteinssyni afhentur Félagsmálaskjöldur UMSK sem veittur er árlega sem viðurkenning fyrir vel unnin félagsmálastörf.

Undirbúningur þingsins var í höndum Umf. Kjalnesinga og Umf. Drengs og var hann báðum aðilum til mikils sóma.

## Stjórn og framkvæmdastjórn.

Litlar breytingar urðu á stjórn UMSK á 59. ársþingi sambandsins. Sveinn Ottósson gaf ekki kost á sér í aðalstjórn og þeir Gunnar Atlason og Jón Ármann Héðinsson gáfu ekki kost á sér í varastjórn. Stjórn og varastjórn UMSK 1983-1984 var skipuð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Formaður | Kristján Sveinbjörnsson | Umf. | Bessast.hr. |
| V-formaður | Ólafur Magnússon | Umf. | Dreng |
| Ritari | Sveinn Jóhannsson | Umf. | Breiðabliki |
| Gjaldkeri | Gunnar Guðmundsson | Umf. | Aftureldingu |
| Meðstjórnandi | Jóhannes Sveinbjörnsson | Umf. | Stjörnunni |
| Til vara | Louise Anna Schilt | Umf. | Aftureldingu |
| | Kristinn Gylfi Jónsson | Umf. | Kjalarness |
| | Páll Aðalsteinsson | Umf. | Aftueldingu |

Stjórnin hélt 19 formlega fundi á starfsárinu og samkvæmt gjörðabók stjórnarinnar voru tekin fyrir á annað hundrað mál. Meðfylgjandi er skrá yfir fundi stjórnarinnar og mætingalisti(sjá næsta blað).

Eins og undanfarin ár skipaði stjórnin framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar er að annast daglegan rekstur sambandsins. Í framkvæmdastjórn voru Kristján Sveinbjörnsson, Gunnar Guðmundsson og framkvæmdastjóri.

Auk funda og framkvæmdastjórnar eru ónefndir allir þeir óformlegu fundir stjórnarmanna um málefni UMSK, sem fóru fram þegar einstakir stjórnarmenn lögðu leið sína á skrifstofu sambandsins.

STJÓRN UMSK 1983-1984

Fundir og mætingalisti

| | 1. 15/02 | 2. 03/03 | 3. 22/03 | 4. 12/04 | 5. 03/05 | 6. 30/05 | 7. 13/06 | 8. 21/06 | 9. 01/07 | 10. 21/07 | 11. 09/08 | 12. 30/08 | 13. 01/09 | 14. 13/09 | 15. | 16. 08/11 | 17. 13/12 | 18. 30/01 | 19. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristján | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | |
| Sveinn | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | | x | x | | x | x | x | |
| Ólafur | | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | | | | | | | |
| Gunnar | x | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | | | x | | x | | |
| Jóhannes | x | x | | x | | | x | | | | | | | x | | | x | | |
| Kristinn | x | | x | | | | | | x | x | x | x | | | | x | x | | |
| Louis | | x | | | x | | | x | | | | x | | | | | | | |
| Páll | x | x | x | x | x | x | x | x | | x | x | x | x | x | x | x | | x | |

Ath. forföll ekki skýrð.

## Starfsmannamál.

Sl. ár hafa fjórir aðilar starfað sem framkvæmdastjórnar UMSK. Helgi Gunnarsson lét af störfum 1.apríl og þá var ráðinn til bráðabirgða Ólafur Magnússon. Hann lét af störfum 1.júní er Gunnar Baldvinsson var ráðinn, einnig til skamms tíma.
Núverandi framkvæmdastjóri Einar Sveinn Árnason tók við störfum 1.sept. og er hann ráðinn til 1.sept. 1984 og eftir það með þriggja mánaða uppsagnarfresti.
Það er alls ekki heppilegt að skipt sé svo oft um starfsmenn eins og raunin varð á í fyrra. Það var heldur ekki stefna stjórnarinnar en erfiðlega gekk að fá einstakling til starfa sem framkvæmdastjóra UMSK til frambúðar.
Ráðning Einar Sveins markar tímamót í starfi UMSK. Loksins hefur tekist að ná þeim mikilvæga áfanga að ráða starfsmann í fullt starf allt árið. Stjórn UMSK býður Einar Svein velkominn til starfa og væntir góðs samstarfs. Jafnframt er þeim Helga, Ólafi og Gunnari þökkuð ágæt störf.

## Skrifstofa UMSK.

Miðstöð starfssemi UMSK er skrifstofa sambandsins. Þar fer mestur hluti starfsins fram sem felst í alls konar þjónustu, fundum og skipulagsvinnu hvers konar auk margs fleira.
Undanfarin þrjú ár hefur UMSK verið með aðstöðu í Mjölnisholti 14 í Reykjavík. Fyrri tvö árin fékk sambandið inni hjá UMFÍ en síðla árs 1982 flutti skrifstofan sig í húsnæði hjá Prentþjónustunni s/f. sem er gegnt skrifstofu UMFÍ. Það húsnæði er ákaflega lítið svo UMSK hefur áfram þurft að leita til UMFÍ um afnot af fundarsal, eldhúsi, salerni og um aðra þjónustu. Hér með er komið á framfæri þökkum til forystu UMFÍ og starfsfólks þess fyrir lipurð og greiðvikni í öllum samskiptum við UMSK. Jafnframt er Prentþjónustunni færðar alúðarþakkir fyrir góð samskipti.

Þegar þetta er skrifað er vitað að Prentþjónustan s/f. flytur fljótlega úr Mjölnisholtinu svo framtíð UMSK í núverandi húsnæði er óviss. Hins vegar er ljóst að núverandi skrifstofa sambandsins er of lítil þar sem vaxandi starf kallar á meira rými. Hér er um stórt vandamál að ræða sem nýkjörin stjórn UMSK þarf að leysa við fyrsta hentugleika. Sambandið þarf að hafa til umráða stóra rúmgóða skrifstofu, geymslu auk þess að hafa aðgang að



*Formannafundur Þrastaskógar '83.*



*59. þing UMSK '83.*



*59. ársþing UMSK.*

fundarsal, eldhúsi og salerni.

Verkefni skrifstofu UMSK eru mjög mörg og fjölbreytt. Skrifstofan hefur þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi að veita aðildarfélögunum alla þa´þjónustu sem hægt er að veita þeim. Í öðru lagi að sinna eigin verkefnum eins og héraðsmótunum o.fl.
Og í þriðja lagi að sinna verkefnum heildarsamtakanna, ÍSÍ og UMFÍ.

Sérráð.

Á starfsárinu 1982 - 1983 voru í fyrsta sinn stofnuð sérráð í ýmsum íþróttagreinum. Það ár störfuðu þrjú sérráð, í knattspyrnu, frjálsum íþróttum og handknattleik.

Hlutverk sérráða er að sjá um mót á vegum UMSK í viðkomandi íþróttagrein. Einnig að hafa umsjón með þátttöku sambandins í íþróttamótum sérsambanda ÍSÍ.

Sá árangur sem fékkst með stofnun sérráðanna var það mikill að ákveðið var að halda áfram á sömu braut. Á nýliðnu starfsári störfuðu eftirtalin sérráð á vegum UMSK:

Sundráð:

| | |
|---|---|
| Birgir Sigurðsson/Margrét Sigurðardóttir | UBK |
| Arnar B. Vignisson | Umf. Stjarnan |
| Jón Magnús Jónsson | UMFA |

Frjálsíþróttaráð:

| | |
|---|---|
| Jón Þ. Sverrisson | UMFA/UBK |
| Einar Sigurðsson | UBK |
| Sigsteinn Sigurðsson | UMFA |

Knattspyrnuráð:

| | |
|---|---|
| Gunnar Guðmundsson | UMFA |
| Jóhannes Sveinbjörnsson | Umf. Stjarnan |
| Pétur Sigurðsson | Grótta |
| Grétar Bergsson | ÍK |
| Ari Þórðarson | Augnablik |

Handknattleiksráð:

| | |
|---|---|
| Alexander Þórisson | UBK |
| Guðmundur Jónsson | Umf. Stjarnan |
| Marinó Njálsson | Grótta |
| Lárus Ásgeirsson | HK |
| Ketill Pálsson | UMFA |

Badmintonráð:

| | |
|---|---|
| Karl Karlsson | Gerpla |
| Karl Tómasson | Umf. Stjarnan |
| Kjartan Nielsen | UMFA |
| Jón B. Höskuldsson | UBK |

Karateráð:

Ólafur Skúlason
Þorfinnur Gunnlaugsson
Kjell Tveit
Einar Karlsson

Aftar í ársskýrslunni er að finna skýrslur frá sérráðunum.

Nýtt félag: Íþróttafélagið Hlynur

Á árinu 1983 fjölgaði aðildarfélögum UMSK úr fimmtán í sextán. Þetta gerðist þegar aðild Íþróttafélagsins Hlyns að UMSK var samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 13. september.

Íþróttafélagið Hlynur var stofnað við Kópavogshælið 14. júní 1983. Á fundinum mættu fulltrúar frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi, Íþróttafélagi fatlaðra og frá UMSk mætti Kristján Sveinbjörnsson formaður sambandsins.

Á fundinum voru samþykkt lög fyrir félagið og því gefið nafn. Þá kynntu fulltrúar Íþróttasambands fatlaðra og UMSK störf samtakanna. Fundurinn tókst í alla staði vel.

Í fyrstu stjórn Íþróttafélagsins Hlyns voru kosin:

formaður: Kristján Sigurmundsson
ritari: Hansína Jónsdóttir
gjaldkeri: Elísa Þorsteinsdóttir

Stofnfélagar Íþróttafélagsins Hlyns eru 107 talsins.

Stjórn UMSK býður íþróttafélagið Hlyn velkomið til starfa og fagnar því að fá það til liðs við sig. Þá er félaginu óskað velfarnaðar um ókomin ár.

Aðildarfélög UMSK eru 16 talsins, innan aðildarfélaganna starfa 32 deildir. Af þessum 16 aðildarfélögum eru 7 þeirra með deildarskiptingu. Á þessu ári fjölgaði aðildarfélögum úr 15 í 16, þegar aðild Íþróttafélagsins Hlyns að sambandinu var samþykkt. Hér fer á eftir stutt samantekt helstu atriða sem félögin varðar.

1. Umf. Drengur, Kjósahreppi.

Stofnað: 1915
Formaður: Guðmundur Davíðsson
Fjöldi félaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | konur 14 | karlar 50 | alls 64 |
| yngri en 16 ára | " 8 | " 4 | alls 12 |
| Samtals | konur 22 | karlar 54 | alls 76 |

2. Umf. Kjalnesinga, Kjalarneshreppi (UMFK)

Stofnað: 1938
Formaður: Kristinn Gylfi Jónsson
Fjöldi félaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | konur 31 | karlar 40 | alls 71 |
| yngri en 16 ára | " 13 | " 14 | alls 27 |
| Samtals | konur 44 | karlar 54 | alls 98 |

3. Umf. Afturelding, Mosfellssveit (UMFA)

Stofnað: 1909
Formaður: Hlynur Árnason
Fjöldi félaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | konur 51 | karlar 136 | alls 187 |
| yngri en 16 ára | " 122 | " 196 | alls 318 |
| Samtals | konur 173 | karlar 333 | alls 505 |

Félagið starfar í fjórum deildum og eru þær eftirfarandi:

- Knattspyrnudeild - formaður: Þorgrímur Októsson
- Frjálsíþróttadeild - formaður: Rúnar Lárusson
- Handknattleiksdeild - formaður: Ketill Pálsson
- Sunddeild - formaður: Alfa R. Jóhannsdóttir

4. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit.

Stofnað: 1981
Formaður: Örn Höskuldsson
Fjöldi félaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | konur 14 | karlar 50 | alls 64 |
| yngri en 16 ára | " 8 | " 4 | alls 12 |
| Samtals | konur 22 | karlar 54 | alls 76 |

5. Íþróttafélagið Gáski, Skálatúnsheimilinu Mosfellssveit.

Stofnað: 1982
Formaður: Sigrún Þórarinsdóttir
Fjöldi félaga: vistmenn o.fl. Skálatúnsheimilinu 82

6. Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi.

Stofnað: 1967
Formaður: Gunnar Lúðvíksson

Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 5 | - karlar | 101 | - alls | 106 |
| yngri en 16 ára | - " | 14 | - " | 91 | - alls | 105 |
| Samtals | konur | 19 | karlar | 192 | alls | 210 |

Félagið starfar í tveimur deildum og eru þær eftirfarandi:

Handknattleiksdeild - formaður: Marinó Njálsson
Knattspyrnudeild - formaður: Pétur Sigurðsson

## 7. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi.

Stofnað: 1971
Formaður: Margrét Bjarnadóttir
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 146 | - karlar | 173 | - alls | 319 |
| yngri en 16 ára | - " | 385 | - " | 162 | - alls | 547 |
| Samtals | konur | 531 | karlar | 335 | alls | 866 |

Félagið starfar í fimm deildum og eru þær eftirfarandi:

Badmintondeild - formaður: Karl Karlsson
Borðtennisdeild - formaður: Sigurður Sverrisson
Fimleikadeild - formaður: Sólveig Friðriksdóttir
Júdódeild - formaður: Guðmundur Rögnvaldsson
Karatedeild - formaður: Ævar Þorsteinsson

## 8. Umf. Breiðablik, Kópavogi (UBK)

Stofnað: 1950
Formaður: Ólína Sveinsdóttir
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 237 | - karlar | 390 | - alls | 627 |
| yngri en 16 ára | - " | 209 | - " | 985 | - alls | 1194 |
| Samtals | konur | 446 | karlar | 1375 | alls | 1821 |

Félagið starfar í sjö deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild - formaður: VilmarPétursson
Frjálsíþróttadeild - formaður: Lúðvík Björgvinsson
Handknattleiksdeild - formaður: Kristinn Jóhannesson
Knattspyrnudeild - formaður: Hjörleifur Hringsson
Körfuknattleiksdeild - formaður: Þorvaldur R. Guðmundsson
Skíðadeild - formaður: Óttar B. Ellingsen
Sunddeild - formaður: Birgir Sigurðsson

## 9. Íþróttafélag Kópavogs, Kópavogi (ÍK)

Stofnað: 1976
Formaður: Eggert Jóhannesson
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og yngri | - konur | 12 | - karlar | 76 | - alls | 88 |
| yngri en 16 ára | - " | 15 | - " | 198 | - alls | 213 |
| Samtals | konur | 27 | karlar | 274 | alls | 301 |

Félagið starfar í tveimur deildum og eru þær eftirfarandi:

Knattspyrnudeild - formaður: Magnús Harðarson
Tennisdeild - formaður: Arnar Arinbjarnarson

10. Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi (HK)

Stofnað: 1970
Formaður: Þorsteinn Einarsson
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 59 | - karlar | 182 | - alls | 241 |
| yngri en 16 ára | - " | 73 | - " | 128 | - alls | 201 |
| Samtals | konur | 132 | karlar | 310 | alls | 442 |

Félagið starfar í þremur deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild - formaður: Albert H.N. Valdimarsson
Handknattleiksdeild - formaður: Þorsteinn Einarsson
Körfuknattleiksdeild - formaður: Eggert B. Ólafsson

11. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi.

Stofnað: 1971
Formaður: Þorgeir Björnsson
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og yngri | - konur | 11 | - karlar | 82 | - alls | 93 |
| yngri en 16 ára | - " | 2 | - " | 5 | - alls | 7 |
| Samtals | konur | 13 | karlar | 87 | alls | 100 |

12. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi.

Stofnað: 1981
Formaður: Ingvar Teitsson
Fjöldi félaga: karlar 34

13. Umf. Stjarnan, Garðabæ.

Stofnað: 1960
Formaður: Katrín Gunnarsdóttir
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 39 | - karlar | 205 | - alls | 244 |
| yngri en 16 ára | - " | 140 | - " | 222 | - alls | 362 |
| Samtals | konur | 179 | karlar | 427 | alls | 606 |

Félagið starfar í fimm deildum og eru þær eftirfarandi:

Badmintondeild - formaður: Karl Tómasson
Blakdeild - formaður: Ingólfur Freysson
Handknattleiksdeild - formaður: Guðmundur Jónsson
Karatedeild - formaður: Hannes Hilmarsson
Knattspyrnudeild - formaður: Halldór Snorrason

14. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ.

Stofnað: 1975
Formaður: Stefán Friðfinnsson
Fjöldi félaga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri | - konur | 23 | - karlar | 53 | - alls | 76 |
| yngri en 16 ára | - " | 18 | - " | 105 | - alls | 123 |
| Samtals | konur | 41 | karlar | 158 | alls | 199 |

15. Umf. Bessastaðahrepps, Álftanesi.

Stofnað: 1946
Formaður: Linda Björk Lýðsdóttir
Fjöldi félaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 ára og eldri - | konur 29 - | karlar 50 - | alls 79 |
| yngri en 16 ára - | " 16 - | " 27 - | alls 43 |
| Samtals | konur 45 | karlar 77 | alls122 |

16. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi.

Stofnað: 1983
Formaður: Kristján Sigurmundsson
Fjöldi félaga: Vistmenn o.fl. af Kópavogshæli.

Fréttabréf UMSK.

Á nýliðnu starfsári var útgáfa á Fréttabréfi UMSK ekki eins tíð og æskilegt hefði verið. Í fyrra voru gefin út fimm tölublöð og á þessu ári er fyrsta tölublaðið komið út.

Fréttabréfinu er ætlað að vera kynning og tengiliður sambandsins við aðildarfélögin og annað ytra umhverfi. Efni bréfsins eru stuttar fréttir og tilkynningar, svo mikilvægt er að efni þess sé ætíð nýtt og ferskt. Til þess þarf bréfið að koma út reglulega og helst með mánaðarmillibili.

En hvað olli þá því að fleiri tölublöð voru ekki útgefin? Svarið er einfalt. Annarsvegar miklar annir á skrifstofu sambandsins og hinsvegar tíðar mannabreytingar. Það er brýnt verkefni fyrir viðtakandi stjórn UMSK að sjá um að koma útgáfu Fréttabréfsins í fast form, því hætt er við að bréfið missi marks sé það gefið út sjaldan.

Fréttabréf UMSK kemur nú út í breyttu formi. Bréfið hefur verið minnkað úr stærðinni A4 í stærðina A5 og letrið smækkað. Með þessu sparast mikill pappírskostnaður, svo og vinna við bréfið auk þess sem flestir eru sammála um að bréfið líti nú betur út en áður.

Félagsmálafræðslan.

Á starfsárinu voru haldin fjögur félagsmálanámskeið á vegum UMSK, öll í febrúar 1983. Það verður að teljast ágætur árangur þar sem þetta er 100% aukning á námskeiðum sé miðað við tvö sl. ár. Þá voru haldin tvö námskeið hvort ár.

Eftirtalin námskeið voru haldin á starfsárinu:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | UMSK - Umf. Stjarnan | febrúar | 1983 | Guðmundur Guðmundss. |
| 2. | UMSK - Umf. Bessast.hr. | " | 1983 | Kristján Sveinbj.s. |
| 3. | UMSK - Gerpla | " | 1983 | Helgi G. Margrét Bj. |
| 4. | UMSK - Umf. Drengur | " | 1983 | Gunnar B. Ing. St. |

Það er viðurkennd staðreynd að félagsmálafræðsla er einn öflugasti stuðningur sem UMSK getur veitt í félögum sínum. Reynslan af námskeiðunum er ótvíræð. Félagsmálanámskeiðin leiða til aukins félagsstarfs og meiri og betri þátttöku einstaklinga.

Ástæða er til að hvetja félög og félagasamtök, skóla og fleiri aðila á sambandssvæði UMSK til að notfæra sér félagamálaskóla UMFÍ. Skólinn búður bæði almenn námskeið og ýmis sérnámskeið. Ef æskulýðssamtök halda námskeiðin veitir Æskulýðsráð ríkisins styrk til námskeiðanna þannig að kostnaður er lítill.

Að lokum er rétt að geta þess að skrifstofa UMSK veitir upplýsingar um námskeið og annað fræðsluefni um íþrótta- og æskulýðsstarf. Á það jafnt við um innlent og erlent fræðsluefni.



*Sumarhúsið Þrastaskógi.*



*Páll Aðalsteinsson „lord of Þrastaskógur".*



*Formannafundur í Þrastaskógi.*

Kennsluskýrslur.

UMSK hefur ætíð kappkostað að skil á kennsluskýrslum aðildarfélaganna séu gerð eins og til er ætlast. Eins og fram hefur komið á hverju þingi svo lengi sem elstu menn muna, þarf oft að toga skýrslur þessar af félögunum með töngum.

Á árinu 1983 bauð sambandið félögunum sérstaka aðstoð við að fylla út kennsluskýrslurnar. All mörg félög nýttu sér þessa aðstoð af frjálsum vilja en önnur með eftirgangsmunum. Flest félög fylltu þó sínar skýrslur vel og samviskusamlega út, af eigin rammleik, en nokkur brögð voru að því að þær bárust seint inn.

Sem fyrr segir er það gamalt vandamál hversu forráðamönnum félaga vex í augum að fylla út kennsluskýrslurnar og veldur þar eflaust vankunnátta mestu um. Aðstoð héraðssambandsins eða skrifstofunnar ætti því að bæta þar nokkuð um. önnur ástæða fyrir lélegum skilum á kennsluskýrslum er eflaust sú að félögin sjá ekki tilganginn með þeim, einkum vegna þess að fjárhagslegur ávinningur þ.e.a.s. kennslustyrkurinn er í mörgum tilvikum sorglega lítill, svo ekki sé meira sagt. Ekki skal farið nánar út í þá sálma hér, en forráðamenn félaganna verða að gera sér ljóst að skýrslur þessar eru forsendan fyrir því að íþróttafélögin hafa aðild að Landssamtökum og þar með keppnisrétt á íþróttamótum. Einnig hafa þær oft á tímum að geyma þær einu tölulegu upplýsingar, um iðkendafjölda og fleira sem fyrir finnst um íþróttahreyfinguna.

Kennsluskýrslurnar verður því að fylla út, sama hvort okkur líkar betur eða verr, og auk þess verður að vanda þær eins og best verður á kosið.

Óhætt mun að fullyrða að sá háttur að UMSK bjóði aðildarfélögunum sérstaka aðstoð við útfyllingu á kennsluskýrslum hefur gefið góða raun og verður haldið áfram á þeirri braut.

Þrastaskógur.

Mikil ásókn var í Sumarhús UMSK í sumar þrátt fyrir að veðráttan væri ekki upp á það besta. Stjórn UMSK og formenn aðildarfélaga héldu fund í Þrastaskógi 21.júní, mæting var góð eða 20 manns. Skógurinn og öll aðstaða var skoðuð. Lögð var vatnsleiðsla og rafmagn frá Þrastalundi að sumarhúsunum, jafnframt var unnið að gerð tjaldstæða við húsið.

Unnið er að skipulagi Þrastaskógar og byggð verður snyrtiaðstaða með rennandi vatni og rafmagni. Aðstaðan verður í námunda við Sumarhús UMSK.

Fulltrúar UMSK á 33.sambandsþingi UMFÍ báru fram eftirfarandi tillögu varðandi Þrastaskóg og var hún samþykkt.

"33.sambandsþing UMFÍ samþykkir að fela stjórn UMFÍ að hefja strax á næsta ári markvissa uppbyggingu á íþrótta-og útivistarsvæði í Þrastaskógi við Sog. Gera þarf heildarskipulag um nýtingu skógarins í framtíðinni og skulu frumdrög að því lögð fyrir næsta sambandsráðsfund. Þingið telur að í heildarskipulaginu þurfi að gera ráð fyrir húsnæði sem geti hýst ungmennahópa sem dvelja í skóginum. Þingið samþykkir að framkvæmdir við byggingu húsnæðisins hefjist þegar efni og aðstæður leyfa, en viðunandi hreinlætisaðstöðu verði komið upp sem allra fyrst.

Kannaður verði möguleiki á samráði við landeigendur Alviðru og hluta Öndverðarness um hugsanlega samnýtingu jarðanna."

Íþróttamót.

Á árinu 1983 voru haldin 13 íþróttamót á vegum UMSK og voru þau þessi:

1. Innanhúsmót UMSK í knattspyrnu dagana 13.2, 20.2. og 26.2.
2. Badmintonmót UMSK 6.mars
3. UMSKmót í frjálsum íþróttum innanúss 26.3.
4. UMSKmót í blaki 27.4.
5. Héraðsmót í frjálsum íþróttum 19.og 20.6.
6. Aldursflokkamót UMSK 14 ára og yngir 9.7.
7. Bikarkeppni FRÍ 2.deild, 16.og 17.7.
8. Miðsumarsmót 6.fl. í knattspyrnu 23.og 24.7.
9. Haustmót í knattspyrnu í september.
10. Skólahlaup UMSK 9.9.
11. Karatemót UMSK 19.11.
12. Forkeppni í knattspyrnu fyrir landsmót 1984
13. Héraðssmót UMSK í handknattleik 1983/84, fyrri hluti 28.12 og 29.12., 2fl. 5.2.´84.
14. Optimitsmót, sept.

Í þessari grein verður fjallað um þau mót sem ekki eru gerð skil í skýrslum sérráða.

Héraðsmót UMSK í blaki fór fram 27.4. Keppt var í tveimur flokkum karla, eldri og yngri og urðu úrslit sem hér segir:

Eldri flokkur (1.flokkur m.fl.og öldungafl.)

| | | |
|---|---|---|
| 1.sæti | Fram | 10 stig |
| 2.sæti | HKm | 8 stig |
| 3.sæti | UBK | 4 stig |
| 4.sæti | HKö | 2 stig |

Sigurvegari í mótinu var Fram, Rvík., sem keppti sem gestur. UMSK Meistarar í blaki 1983 í 1.flokki karla er því HK, Kópavogi.

| | | |
|---|---|---|
| 1.sæti | HK | 8 stig |
| 2.sæti | Stjarnan | 4 stig |
| 3.sæti | UBK | 0 |

UMSK meistari í blaki 1983 í 2.fl. karla er HK, Kópavogi.

Optimistamót í siglingum fór fram í september. Framkvæmd mótsins var í höndum Siglingaklúbbsins Voga í Garðabæ. Mótið fór fram á voginum út frá Garðabæ og tókst vel í alla staði.
Þess má og geta hér að siglingar verða sýningargrein á næsta landsmóti sem haldið verður í Keflavík/Njarðvík næsta sumar. Þar verða siglingamenn frá UMSK meðal þátttakenda.

## Íþróttahús.

Hreyfing komst á íþróttahúsamál á sambandssvæði UMSK á liðnu ári. Í haust var formlega tekið í notkun nýtt glæsilegt íþróttahús í Kópavogi. Hefur húsi þessu verið gefið nafnið Digranes og stendur við Digranesskóla.

Þetta íþróttahús er byggt þannig að það á að þjóna sem víðtækustu íþróttastarfi sem fram fer innanhús. Ekki er þó allt húsið tilbúið til notkunar enn. Verður þess vonandi ekki langt að bíða að svo verði. Þörfin var mikil fyrir þetta íþróttahús og sýnir það best að nú þegar er orðin full nýting á húsinu og vantar meira til.

Kópavogsbær hefur með byggingu þessa húss gert myndarlegt átak til þess að bæta úr því ófremdar ástandi sem verið hefur í þessum málum. Ekki er þó enn búið að mæta þörfinni sem fyrir er í bænum. Vonandi verður ekki látið hér við sitja og bætt úr, því það hlýtur að vera fæjarfélagsins ánægjuefni að svo margir bæjarbúar vilji sinna hreyfiþörf sinni.

Fulltrúum UMSK var boðið að vera við vígslu hússins. Formaður og framkvæmdastjóri mættu við athöfnina og viljum við þakka þann heiður sem sambandinu var sýndur með þessu boði.

Þá er rétt að fram komi að Íþróttafélagið Gerpla hefur keypt húsnæðið að Skemmuvegi 6. Gerpla hefur haft þetta húsnæði á leigu undanfarin ár, en eins og áður er getið lagt út í það stórvirki að kaupa húsnæðið.

Stjórn UMSK óskar Íþróttafélaginu Gerplu til hamingju með þetta framtak.

## Fundir og þing.

Á s.l. ári var lögð áhersla á að fulltrúar frá UMSK sæktu fundi félaga og þing heildarsamtaka og sérsambanda.
Fulltrúar frá UMSK mættu á eftirfarandi þing og fundi:

Sambandsráðsfund ÍSÍ, að Hlégarði 16.apríl 1983
Glímusambandsþing í Reykjavík
Judósambandsþing í Reykjavík, 28.maí 1983
Badmintonsambandsþing í Reykjavík, 28.maí 1983
Sundsambandsþing í Vestmannaeyjum, 28.júlí 1983
Sambandsþing UMFÍ í Keflavík, 3.og 4.sept.1983
Fundur um ferðakostnað íþróttamanna, haldinn af ÍSÍ 29.okt.1983
Siglingasambandsþing í Reykjavík, 13.nóv.1983
Frjálsíþróttasambandsþing í Reykjavík, 26.nóv.1983
Fimleikasambandsþing í Reykjavík, 26.nóv.1983
Knattspyrnusambandsþing á Húsavík, 3.og 4.des.1983
Stofnfund Íþróttafélagsins Hlyns í Kópavogi, 14.júní 1983
Fundir voru sóttir til bæjarráðs Kópavogs, hreppsnefndar Kjósahrepps, æskulýðsráðs Garðabæjar, UMF Drengs, UBK, Stjörnunnar og Gerplu.

Norræn ungmennavik var haldin í Slésvík 24.-30.júlí og mættu þar 7 félagar frá UMSK af 10 þátttakendum.

## Formannafundur í Þrastaskógi.

Þann 27. júní boðaði stjórn UMSK til formannafundar. Fundurinn var ahldinn í Þrastaskógi og var farið með hópferðabíl frá skrifstofu sambandsins.

Formannafundir eru mikilvægur þáttur í starfi UMSK. Þeir eru haldnir einu sinni til tvisvar á ári. Tilgangur þeirra er að samræma verkefni auk þess að stuðla að kynnum formanna aðildarfélaga og sérráða.

Í Þrastaskógi tóku þeir Kristján Jónsson skógarvörður og Páll Aðalsteinsson úr stjórn UMSK á móti hópnum. Í fylgd þeirra var gegnið um skóginn og aðstaða skoðuð. Því næst var snæddur kvöldverður í Þrastarlundi og að honum loknur hófust eiginleg fundarstörf.

Fundurinn hófst með ávarpi Kristjáns Sveinbjörnssonar formanns UMSK. Hann bauð fundarmenn velkomna og fór síðan nokkrum orðum um störf sambandsins. Að loknu ávarpi Kristjáns voru eftirfarandi mál rædd:

Sumarstarfið. Fulltrúar félaga og sérráða sögðu frá því helsta sem var á döfinni um þessar mundir. Einnig gerði framkvæmdastjóri UMSK grein fyrir sumarverkefnum sambandsins. Það kom greinilega fram undir þessum dagskrárlið hvað sumarstarf UMSK og aðildarfélaganna var mikið og fjölbreytt.

Þrastaskógur og aðstaðan þar. Málefni Þrastarskógar voru tekin til sérstakrar umræðu á fundinum. Kom fram mikill áhugi fundarmanna á málum skógarins og auknum framkvæmdum þar. Var ákveðið að fulltrúar UMSK tækju þetta mál til umfjöllunar á 53. sambandsþingi UMFÍ.

Fjáraflanir. Fram kom að sveitarfélög styðja starf UMSK illa. Rætt var um helstu fjáraflanir sambandins sl. sumar.

Önnur mál. Sumarbúðaferð til Svíþjóðar, fréttir frá landsmótanefnd UMSK og fl.

Að loknum vel heppnuðum fundi var haldið heim á leið. Fundarmenn voru sammála um að sniðugt væri að fara með þessa fundi út fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fulltrúar frá eftirtöldum félögum sátu fundinn:

Umf. Dreng, Umf. Aftureldingu, Umf. Breiðabliki Íþróttafél. Gerplu, Umf. Stjörnunni, frjálsíþróttaráði, knattspyrnuráði, sundráði, svo og stjórn UMSK.

Gestir fundarins voru tveir Skúli Oddson, starfsmaður UMFÍ og Ingólfur Steindórsson, ritstjóri Skinfaxa.

## Sumarbúðir í Svíþjóð.

Íþróttasambönd Norðurlanda halda á hverju ári sumarbúðir fyrir 16-18 ára unglinga. Samböndin skiptast á að hafa búðirnar og í ár voru þær haldnar í Svíþjóð.

Íþróttasamband Íslands bauð UMSK að senda 10 af 12 þátttakendum auk fararstjóra.

Í ferðina fóru:

Fararstjórar:

| | |
|---|---|
| Kristján Sveinbjörnsson | UMSK |
| Kristín Sigurleifsdóttir | UMSK |

Þátttakendur:

| | |
|---|---|
| Rögnvaldur Guðmundsson | Gerplu |
| Áslaug Óskarsdóttir | Gerplu |
| Bjarni Svavarsson | UBK |
| Örn Unnarsson | UBK |
| Sigurður Sveinsson | UMFA |
| Arnór Björnsson | UMFA |
| Einar Loftur Högnason | UMFA |
| Elías Nielsson | UMFA |
| Jón Páll Gestsson | UMFA |
| Jón Sigurjónsson | UMSS |
| Selma Vigfúsdóttir | UÍÓ |

Sumarbúðirnar voru haldnar dagana 2.-10. júlí 1983. Búðirnar sóttu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum nema Færeyjum. Þátttakendur voru 60 talsins.

Að sögn íslensku þátttakendanna tókust ferðin og sumarbúðirnar mjög vel. Þótti skipulag og stjórnun búðanna vera mjög til fyrirmyndar og sænska íþróttasambandinu til sóma. Dagskráin var góð og m.a. voru kynntar ýmsar framandi íþróttagreinar eins og hornabolti, flugdiskakast, kajak, seglbrettasiglingar o.fl. Einnig var farið í skoðunarferðir, m.a. um Stokkhólm.

Allir íslensku þátttakendurnir voru mjög ánægðir með ferðina.

Stjórn UMSK sendir framkvæmdastjórn ÍSÍ bestu þakkir fyrir að bjóða UMSK þessa ferð. Eins er hér með komið á framfæri þakklæti til Svíanna sem stjórnuðu búðunum.

Kostnaður UMSK vegna sumarbúðanna var nokkur eins og sjá má í reikningum sambandsins aftar í ársskýrslunni.

Ánægja þátttakendenna með ferðina var mikil og það á vel við að enda þennan pistil með orðum eins af þátttakendunum við heimkomuna: "Þetta voru ánægjulegustu dagar lífs míns."

Keppnisbúningur.

Í síðustu ársskýrslu UMSK er minnst á þá hugmynd um að sambandið eignist keppnisbúning. Búninginn skyldi nota ef keppt væri í nafni UMSK. Þannig væri keppnisbúningurinn jákvæð kynningarstarfsemi fyrir sambandið auk þess að efla samstöðu meðal íþróttafólks okkar.

Sl. sumar var stigið fyrsta skrefið til þess að láta þessa hugmynd verða að veruleika. Þá voru keyptir 25 frjálsíþróttabolir og voru þeir notaðir í fyrsta skipti þegar UMSK tók þátt í Bikarkeppni FRÍ 2. deild.

Það var skemmtileg sjón að sjá íþróttafólk okkar í samstöðum búningum. Vafalaust átti sú stemmning, sem búningarnir sköpuðu, sinn þátt í að sambandið endurheimti sæti sitt í 1. deild.

Á vegum landsmótsnefndar er nú unnið að könnun æfingabúninga fyrir UMSK. Verður hann boðinn til sölu fyrir landsmótið í sumar og ættu allir þátttakendur UMSK í landsmótinu að eignast æfingabúninginn.

## Framlög sveitarfélaga.

Á árinu 1983 leitaði UMSK til sveitarfélaganna á sínu sambandssvæði með fjárframlög eins og venja er. Það þykir við hæfi í skýrslu þessari að gera grein fyrir framlögum þessum. Framlög sveitarfélaganna eiga sér all langa sögu og fyrir þá sem hana þekkja nægir að segja að hún hefur ekki tekið stökkbreytingum á árinu sem leið. Fyrir þá sem ekki þekkja til er vert að geta þess að nokkur sveitarfélaganna hafa ævinlega styrkt héraðssambandið vel, en önnur hafa reynst þar miklir eftirbátar. Spyrja má hvers þau sveitarfélög eiga að gjalda sem ár eftir ár styðja vel við bakið á sínu héraðssambandi, meðan önnur eru eingöngu þiggjendur að þeirri þjónustu sem sambandið lætur íþróttafélögunum í té. Til að jafna þetta hefur UMSK í mörg ár gert það að tillögu sinni að framlög sveitarfélaganna á sambandssvæðinumiðist við íbúafjölda, en súhefur þó aldrei orðið raunin. Og enn má spyrja hvers vegna framlög sumra sveitarfélaga standa algjörlega í stað milli ára í krónum talið og lækka við það raungildi. Hver er ástæðan fyrir því að þessi sveitarfélög hefja nú stórfelldan niðurskurð á fjárframlögum til síns héraðssambands. Svörin kunna að vera margvísleg, en til þess að leita þeirra og einnig til að kynna málið hefur stjórn UMSK beitt sér fyrir fundum með sveitarstjórnum á sambandssvæðinu og hvarvetna verið vel tekið, þó ekki hafi tekist að fá fund með öllum sveitarstjórnum.

Vonast er til að á þennan hátt takist að vekja athygli sveitarstjórnenda á tilveru héraðssambandsins og nauðsyn þess að það geti sinnt því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt lögum.

Hvort fundarherferð þessi ber tilætlaðan árangur mun því væntanlega koma í ljós á þessu ári (1984).

Hér fara á eftir tölulegar upplýsingar um framlög sveitarfélaga til UMSK á árinu 1983 ásamt samanburðartölum frá árinu 1982.

| | Heildarframlag | | |
|---|---|---|---|
| Sveitarfélag | 1982 | 1983 | Hækkun í % |
| Bessastaðahreppur | 3.000 | 0 | |
| Garðabær | 7.500 | 12.000 | 60 |
| Kópavogur | 65.000 | 70.000 | 27 |
| Seltjarnarnes | 5.000 | 5.000 | 0 |
| Mosfellshreppur | 7.500 | 12.000 | 60 |
| Kjalarneshreppur | | 0 | |
| Kjóshreppur | 1.000 | 1.000 | 0 |
| Frá sýslusjóði Kjósarsýslu | 40.000 | 75.000 | 87,5 |

## Getraunir 1982 - 1983

Starfstímabilið 1982-1983 seldust alls 17.108.348 raðir á öllu landinu sem er tæplega 30% meiri sala en árið áður. Félög innan UMSK sledu á tímabilinu 1.446.138 raðir sem er 47.6% meiri sala en í fyrra. Aðildarfélög UMSK fengu í sölulaun kr. 542.301.75 og sambandið 3% af sölu félaganna samtals kr. 65.076.20.

Yfirlit yfir sölulaun til aðildarfélaga UMSK:

| Félag | 1982-1983 sölulaun | 1981-1982 sölulaun | Hækkun milli ára % |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 231.016.50 | 114.738.00 | 101.34 |
| Afturelding | 100.090.50 | 54.914.00 | 82.27 |
| ÍK | 45.660.00 | 17.610.00 | 159.28 |
| HK | 45.045.00 | | |
| Stjarnan | 41.967.75 | 42.347.00 | ( 0.90) |
| Grótta | 32.241.00 | 15.301.00 | 110.71 |
| Augnablik | 23.187.75 | | |
| Umf.Kjalarness | 22.301.25 | | |
| Gerpla | 407.25 | | |
| UMSK | 384.75 | | |
| Samtals | 542.301.75 | 244.910.00 | 121.43 |

(Ath. að tölur eru ekki leiðréttar fyrir verðbólgu.)

1980-1981 var UMSK með 7.23% af heildarsölu getraunaseðla. 1981-1982 var UMSK með 7.43% af heildarsölunni og í fyrra var hlutdeild UMSK orðin 8.82% af heildarsölu getraunseðla.

Eftir fyrstu 17 vikurnar af starfsárinu 1983-1984 lítur dæmið þannig út að á meðan salan hefur aukist á landinu um 1.96% þá hefur salan dregist saman hjá aðildarfélögum UMSK um 7.04% miðað við sama tíma og í fyrra. Eftir fyrstu 17 vikurnar er UMSK með 7.93% af heildarsölunni.

Sala getraunaseðla er orðinn stór og mikilvægur þáttur í starfi mjög margra íþróttafélaga á landinu. Sala getraunaseðla hefur aukist mjög á síðust árum og ef vel er haldið á málunum er líklegt að enn megi auka söluna. Aðildarfélög UMSK eru hvött til að nýta sér þessa fjáröflunarleið og er skrifstofa sambandsins alltaf tilbúin til að aðstoða félögin eftir mætti við starfið í kringum getraunirnar

Landshappdrætti UMFÍ

Sala happdrættismiða í Landshappdrætti UMFÍ gekk afleitlega árið 1983. Verulegur samdráttur varð á sölu miðanna. Á landinu öllu drógst salan saman um 38% og á sambandssvæði UMSK dróst salan saman um 55%.

Erfitt er að nefna eina sérstaka ástæðu fyrir þessum samdrætti, þær eru vafalaust margar. Tvær ástæður vega þó örugglega þungt og verða tilgreindar. Annarsvegar mikil rýrnun á kaupmætti ráðstöfunartekna heimila í landinu. Hinsvegar að svo mikið er orðið um allavegana happdrætti o.þ.h. að sala er tilviljanakenndari en ella.

Landshappdrætti UMFÍ hefur nú verið starfrækt á hverju ári s.l. ellefu ár. Salan hefur yfirleitt gengið nokkuð vel og síðustu ár farið vaxandi, hægt en örugglega. Það er alvarlegt mál þegar svo mikilvægur tekjustofn fyrir félögin sveiflast svo mikið til í einu og raunin varð á með happdrættið. Sýnir það vel hversu hreyfingin er berskjölduð fyrir ýmsum ytri aðstæðum.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir sölu happdrættismiða í Landshappdrætti UMFÍ 1980-1983.

Yfirlit yfir sölu aðildarfélaga UMSK 1980,1981 1982 og 1983.

| | Seldir miðar | | | | Mismundur % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1980-1981 | 1981-1982 | 1982-1983 |
| Umf.Drengur | 45 | 86 | 100 | 60 | +91 | +16 | -40 |
| Umf.Kjalarness | 91 | 150 | 165 | 75 | +65 | +16 | -54 |
| Umf.Afturelding | 230 | 272 | 431 | 345 | +18 | +58 | -20 |
| Umf.Bessast.hr. | 76 | 176 | 119 | 0 | +26 | - 3 | |
| Íþr.fél.Grótta | 0 | 138 | 136 | 0 | | - 1 | |
| Umf.Breiðablik | 451 | 631 | 385 | 261 | + 6 | -39 | -32 |
| Íþr.fél.Gerpla | 391 | 738 | 703 | 447 | +89 | - 5 | -36 |
| HK | 0 | 0 | 239 | | | | |
| ÍK | 255 | 184 | 120 | 3 | -28 | -35 | -97.5 |
| Knattsp.Augnabl. | 0 | 0 | 38 | 0 | | | |
| Siglingaf.Ýmir | 100 | 61 | 60 | 8 | -39 | - 1 | -87 |
| Umf.Stjarnan | 220 | 163 | 183 | 0 | -26 | +12 | |
| Sigl.kl.Vogur | 0 | 60 | 27 | 20 | | -55 | |
| Íþr.fél.Gáski | 0 | 0 | 71 | 20 | | | -72 |
| Íþr.fél.Hlynur | 0 | 0 | 0 | 42 | | | |
| Skrifst.UMSK | 0 | 22 | 0 | 0 | | | |
| | 1859 | 2677 | 2777 | 1264 | +44 | +3.7 | -55.5 |

Gaukurinn ´83

Samkoman Gaukurinn ´83 var ævintýri. Aðdragandinn var stuttur. Undirbúningur var mikill en unninn á stuttum tíma. Samkoman sjálf var erfið og mikið álag var á öllu starfsfólki hennar. Afraksturinn verður að teljast þolanlegur m.v.lítinn fyrirvara.

Í upphafi s.l. sumars átti UMSK í miklum fjárhagserfiðleikum. Stuðningur sveitafélaga var lítill og aðrir tekjustofnar svo til uppurnir. Stjórn UMSK átti um tvo valkosti að velja. Annarsvegar að segja upp starfsmanni sínum og draga úr starfsemi sambandsins. Annarsvegar sú leið sem farin var að hefja öfluga fjáröflun.

Efnt var til sumarhappdrættis UMSK og urðu tekjur af því Hafin var sala á hljómplötunni Draumur aldamótabarnsins og gekk salan illa. Nú voru góð ráð dýr. Þolinmæði manna var á þrotum. Eitthvað stórt varð að koma til.

Upp úr miðjum júní koma fram sú hugmynd að efna til fjáröflunarsamkomu í Þjórsárdal um verslunarmannahelgina í samvinnu við Hérðassambandið Skarphéðinn. Þann 20.júní var haft samband við forystumenn HSK sem tóku vel í hugmyndina. Var starx hafist handa við að kanna möguleika á slíkri samkomu. Gerð var fjárhagsáætlun, athugaður möguleiki með leigu á landi og kannað var hvaða skemmtikrafta var hægt að fá til að koma fram á samkomunni.

Niðurstaðan af þessum könnunum var jákvæð og þann 5.júlí var haldinn fyrsti formlegi fundur sem samstarfsnefndar HSK og UMSK. Á þeim fundi var undirritað samkomulag sambandanna og hafinn markviss undirbúningur að samkomunni.

Samkomunni var gefið nafnið Gaukurinn´83 og var hún kennd við Gauk Trandilsson sem bjó á Stöng í Þjórsárdal og lítillega er minnst á í Njálu. Gert var samkomulag við Björn Jóhannsson Skriðufelli um leigu á landi og er samkomulagið gert til fimm ára. Gengið var frá ráðningu skemmtikrafta og hafin mikil auglýsingaherferð. Hafinn var undirbúningur á samkomusvæðinu sem ma.a fólst í að lögð var girðing um stóran hluta svæðisins, byggðir voru tveir hljómsveitapallar með áföstu dansgólfi, lagðar voru langar raflagna-og vatnsleiðslur, gerð voru bílastæði, fengnir að láni fjórir vinnuskúrar o.m.fl.

Samkvæmt samkomulagi UMSK og HSK var ákveðið að bjóða aðeins einu félagi frá hverju sambandi að starfa á samkomunni og þá gegn þóknum. Skyldi annað félagið sjá um gæslu og sölu aðgöngumiða inn á svæðið og hitt um veitingasölu. Af hálfu HSK sá Umf. Selfoss um bæslu og sölu inn á svæðið. Stjórn UMSK ákvað á fundi þann 9. júlí að bjóða Gerplu veitingasölu sem og félagið þáði.

Undirbúningurinn fyrir Gaukinn '83 var mikill. Þrátt fyrir samkomuhaldið var reynt að halda uppi fullri starfsemi hjá báðum héraðssamböndunum og tókst það. Það var því mikið álag á stjórnir og starfsmenn sambandanna á þessum tíma. Á skrifstofu UMSK var unnið frá morgni til kvölds svo til hvern dag og eru helgarnar þar ekki undanskildar.

Samkoman sjálf fór vel fram og tókst með ágætum. Veður var óhagstætt eins og hægt var að hugsa sér og kom það niður á gæðum samkomunnar og framkvæmd hennar. Tæplega 3000 gestir sóttu hátíðina og verður það að teljast gott miðað við stuttan undirbúning og slæmt veður.

Það er mikið álag sem hvílir á starfsfólki á samkomu eins og Gaukurinn '83. Unnið er í sjálfboðavinnu og þar sem nauðsynleg er vakt allan sólarhringinn er vinnudagur langur. Alls störfuðu á þriðja hundrað sjálfboðaliðar á Gauknum '83 og færir stjórn UMSK þeim öllum bestu þakkir.

Nokkur ölvun var á samkomunni en alls ekki meiri en gengur og gerist á skemmtunum þessarar tegundar hér á landi. Miklar varúðarráðstafanir voru gerðar fyrir samkomuna svo hún mætti ganga slysalaust fyrir sig, sérstaklega þar sem talin var hætta á mikilli ölvun. Lögreglan í Árnesskýslu var fengin til að vera á svæðinu, félagar úr slysavarnarfélagi byggðarlaginu, læknir og hjúkrunarkonur og síðast en ekki síst á annað hundrað gæsluliðar. Allt hjálpaðist þetta til að samkoman fór vel fram og engin alvarleg slys urðu á fólki. Það eina sem skyggði á var að töluvert var um þjófnað úr tjöldum og bifreiðum.

Að venju var nokkuð skrifað um útisamkomur verslunarmannahelgarinnar í dagblöðum. Eitt dagblaðið sá ástæðu til að fjalla sérstaklega um Gaukinn '83 og voru það ófagrar lýsingar og myndir sem blaðið birti frá samkomunni. Vegna þessa er rétt að taka eftirfarandi fram:

1. Blaðamaður og ljósmyndari viðkomandi dagblaðs sáu enga ástæðu til að tala við forráðamenn samkomunnar og kynna sér skipulag og stjórnun samkomunnar. Blaðið minnist því ekkert á fjölmennt starfslið sem leit eftir að allt færi vel fram.

2. Þegar viðkomandi blaðamenn komu á svæðið var rigning og hafði rignt um nokkurn tíma. Samkomusvæðið leit því verr út en ella og sömu sögu var að segja um marga gesti sem sumir voru mjög illa búnir fyrir rigningu.

3. Að sögn landeiganda hefur svæðið aldrei litið jafnvel út eftir verslunarmannahelgi og óþægindi af hálfu unglinga aldrei verið minni.

4. Lögreglan í Árnessýslu taldi samkomuna hafa farið vel fram. Sagði lögreglan að hún hefði aldrei þurft að hafa jafnlítil afskipti af gestum í Þjórsárdal um verslunarmannahelgi.

5. Hafsteinn Þorvaldsson formaður sjúkrahússtjórnar Selfoss segir að um verslunarmannahelgi hafi alltaf verið talsvert um að komið væri með slasað fólk úr Þjórsárdag á sjúkrahúsið. Svo var ekki í ár.

Hjálagt fylgir uppgjör frá Gauknum '83. Samkvæmt því má sjá að heildarhagnaður af samkomunni er kr. 817.401,90, þar af fékk UMSK í sinn hlut kr. 247.479,95.

Um samkomur á borð við Gaukinn '83 má lengi deila. Margir segja að það sé utan verkahrings samtaka sem UMSK og HSK að halda svona hátíðir. Sumir segja hinsvegar að það sé einmitt hlutverk samtakanna að halda svona samkomur. Þá hafi unglingarnir eitthvað fyrir stafni, auk þess að njóta öryggis um flest í fjölmennu starfsliði. Samtökin fái hinsvegar að halda hagnaði af samkomunni og verja honum til ungmennastarfs.

Stjórn UMSK færir stjórn HSK einstakar þakkir fyrir samstarfið.

GAUKURINN '83 - UPPGJÖR

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Aðgöngumiðasala | kr. | 1.913.510,16 |
| Sælgætissala | " | 376.664,45 |
| Auglýsingatekjur | " | 38.000,00 |
| Vaxtatekjur | " | 17.943,49 |
| | kr. | 2.346.118,10 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Aðstaða | kr. | 236.013,39 |
| Hjómsveitir og skemmtikraftar | " | 633.920,00 |
| Auglýsingar | " | 106.189,65 |
| Akstur | " | 109.133,50 |
| Landleiga | " | 112.900,00 |
| Lögregla | " | 64.533,00 |
| STEF-gjöld | " | 38.270,00 |
| LISA-armbönd | " | 43.724,00 |
| Annar kostnaður | " | 184.032,66 |
| Gjöld samtals | kr. | 1.528.716,20 |
| Tekjur umfram gjöld | " | 817.401,90 |
| | kr. | 2.346,118.10 |

Ráðstöfun:

| | | |
|---|---|---|
| UMSK | kr. | 247.479,95 |
| HSK | " | 247.479,95 |
| Umf. Selfoss | " | 161.221,00 |
| Íþróttafélagið Gerpla | " | 161.221,00 |
| | kr. | 817.401,90 |



Helgi Gunnarsson.



Einar Sveinn Árnason
á skrifstofu UMSK.



Samstarfsnefnd UMSK
HSK — Gaukurinn '83.



Gunnar Baldvinsson.




Frá Gauknum '83.

Nokkur lokaorð.

Að loknu starfsárinu 1983 - 1984 er hollt að staldra við og líta yfir farinn veg.

Starf á vegum UMSK hefur aukist mikið undanfarin ár. Síðasta starfsár var engin undantekning hér frá. Verkefni og umsvif sambandsins hafa aldrei verið meiri en einmitt þá. Sjaldan hafa jafnmargir tekið þátt í störfum sambandsins. Það er einnig ánægjulegt að alltaf fjölgar þeim sem gera sér grein fyrir mikilvægi UMSK sem héraðssambands.

Þetta hefur ekki gengið átakalaust. Margir aðilar hafa lagt á sig ómælda vinnu að málefnum sambandsins og félaganna. Miklar þakkir eiga þessir einstaklingar skilið. Þeir hafa hafið sókn sem ekki má fjara út. Hún má heldur ekki vera of stíf því kapp er best með forsjá.

En mikilli sókn fylgja stundum hliðarverkanir sem nauðsynlegt er að vinna bug á. Efla þarf stuðning við UMSK, bæði fjárhagslegan og félagslegan.

Skapa þarf sambandinu fjárhagslegan stuðning sem þýðir að stuðningur sveitarfélaga þarf að vera meiri og traustari. Í mörg ár hefur verið reynt að fá sveitarfélög til að úthluta UMSK vissan skatt per íbúa og við það miðað að framlögin dugi fyrir launum eins starfsmanns allt árið. Eins og sjá má í kaflanum Framlög sveitarfélaga hér að framan er mismunandi hvernig sveitarfélögin styðja við bakið á sambandinu. Þá má einnig sjá að framlögin eru sveiflukennd en það gerir allt starf UMSK háð óvissu. Á þessu þarf að vinna bug og hér með er skorað á sveitarstjórnir í héraðinu að sýna starfi UMSK meiri skilning og áhuga.

Áður en lengra er haldið er rétt og skylt að færa Sýslunefnd Kjósarsýslu sérstakar þakkir fyrir veitta styrki til UMSK undanfarin ár. Sýslunefndin hefur sýnt starfi okkar sérstakan áhuga og á tveimur árum hefur styrkur nefndarinnar til UMSK vaxið úr 16.000 kr. í 75.000 kr.

Skapa þarf UMSK betri félagslegan grundvöll. Því miður heyrast enn raddir meðal aðildarfélaganna og víðar, um að rétt sé að skipta sambandinu. Það er ekki ætlunin að ræða það mál hér en rétt er að fáein atriði um þessa umræðu komi fram.

Í fyrsta lagi á meðan UMSK starfar í núverandi mynd verður að halda starfseminni áfram á fullum krafti. Menn verða að muna að þeir eru gefendur en ekki þiggjendur hvað varðar starf UMSK. Margir vriðast nefnilega halda að héraðssamband sé ekkert nema stjórn þess. Það er auðvitað alrangt og hugsanavilla.

Í öðru lagi á umræða um mál eins og skiptingu UMSK að fara fram fyrir opnum dyrum og á réttum vettvangi. Með því er átt við að þeir sem hafa þessar hugmyndir ræði þær á fundum og þingum UMSK. Þá verður að gera þá kröfu til þessara manna að þeir kynni sér jafn alvarleg mál áður en umræða um þau er hafin. Á meðan rætt er um þessi mál af vankunnáttu og e.t.v. ekki á réttum vettvangi, þá gerir svona umræða ekkert nema að grafa undan heilbrigðu og öflugu æskulýðs- og íþróttastarfi UMSK.

Í lokin vill stjórn UMSK færa öllum samstarfsaðilum sínar bestu þakkir fyrir samstarfið. Hefjum nýtt starfsár með bjartsýni í huga og vinnum saman að því að efla viðgang hreyfingarinnar. Stöndum saman um að því að efla íþrótta- og æskulýðsstarfið og bægjum óvelkomnum gestum í samfélagi okkar frá. Neysla fíkniefna og annarra vímugjafa er dæmi um óvelkominn gest og besta leiðin til að verjast honum er öflugt starf ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar.

Stjórn UMSK 1983 - 1984.

Stutt skýrsla frá Landsmótanefnd.

Á fundi stjórnar UMSK sem haldinn var 22. mars 1983 var stofnuð nefnd til þess að hafa umsjón með þátttöku sambandsins í 18. Landsmóti UMSÍ. Mótið fer fram dagana 13.-15 júlí nk. og verður það að þessu sinni haldið í Keflavík og Njarðvík.

Í Landsmótsnefnd UMSK eiga sæti:

Gunnar Baldvinsson
Jón Ingi Ragnarsson
Ólafur Magnússon

Til vara:

Helgi Gunnarsson
Páll Aðalsteinsson

Auk þess hafa eftirtaldir starfað með nefndinni:

Kristján Sveinbjörnsson
Einar Sveinn Árnason
Sveinn Jóhannsson

Landsmótsnefnd hefur komið tíu sinnum saman til fundar og rætt landsmótsundirbúninginn. Hér á eftir kemur stutt greinargerð um helstu mál sem nefndin hefur fjallað um.

